

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Grindavíkurbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðu- og sorpeyðingargjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald og tunnuleiga

18.088 kr. á hvert sorphlát

Sorpeyðingargjald

29.510 kr. á hvert sorphlát

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkur, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2021. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1118/2019.

F.h. Grindavíkurbæjar, 22. desember 2020,

Jón Þórisson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2020